

Minjaráð Austurlands

fundur 3. júní 2024 kl. 10:30

Fjarfundur á Teams

Mætt: Þuríður Elísa Harðardóttir form., Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Eyþór Bragi Bragason, Rannveig Þórhallsdóttir, Sigrún Sigurgeirsdóttir og Skúli Björn Gunnarsson.

Dagskrá:

1. Sameiginlegur fundur allra minjaráða – upplifun og ábendingar.
2. Innviðaverkefni – verkefni á döfinni og framtíð.
3. Fyrirkomulag funda minjaráðs.
4. Önnur mál.

Þuríður setti fund kl. 10:30 og byrjar á því að bjóða alla velkomna og sérstaklega þá sem eru nýir í ráðinu. Sigrún Sigurgeirsdóttir ritar fundargerð. Gengið var svo til dagskrár.

1. Sameiginlegur fundur allra minjaráða – upplifun og ábendingar

Haldin var sameiginlegur fundur allra minjaráða í maí en stefnt er að því að vorfundur allra minjaráða verði með þessum hætti í framtíðinni. Rætt var um upplifun fulltrúa á fundinum. Flestir voru sammála um að fundurinn hefði verið góður en sumt hefði mátt fara betur. Bent var á að gæta mætti betur að fjölbreytni í samsetningu hópa. Einnig hefði verið betra að hafa lengri umræðutíma inn í hópunum sem og að tímasetning fundarins væri ákveðin með meiri fyrirvara. Rætt var um að hafa þessa fundi sem staðfund og í tengslum við það kom fram sú hugmynd að hafa menningarminjaping á 4 ára fresti, staðfund allra minjaráða.

Umræður sköpuðust einnig um friðlýstar fornleifar og friðlýsingarskrána og mikilvægi þess að hún sé endurskoðuð.

2. Innviðaverkefni – verkefni á döfinni og framtíð

Þuríður kynnir þau verkefni sem Minjastofnun er með á sínu borði vegna styrkja úr *Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. Stofnunin fékk styrk til að setja upp fjögur skilti; nýtt skilti við naustin inn í Papafirði eftir að það sem þar stóð f auk, endurnýja skilti við Krakalækjarþingstað inn í Hróarstungu auk þess að setja upp nýtt skilti við friðlýstar minjar um fornþæinn Atlavík inn í Hallormsstaðaskógi og við Kambstún inn í Suðursveit. Minjaráðsfulltrúar óskuðu eftir að fá að lesa yfir skiltatextanna áður en skiltin færu í prent en það hefði komið fyrir hjá öðrum að rangt var farið með örnefni svo dæmi sé tekið. Einnig kom ábending um að miðla efni skiltanna á vefnum. Bæta þyrfti upplýsingar um þessa staði á heimasíðunni auk myndefnis. Einnig væri lag á því að setja staðsetningar þessara skilta/staða inn á vefsíðu Minjastofnunar.

3. Fyrirkomulag funda minjaráðs

Þuríði barst fyrirspurn um fyrirkomulag funda. Fundir hafa verið með þeim hætti að reynt er að hafa tvo staðfund og tvo fjarfund yfir árið. Staðfundum sé dreift yfir minjasvæðið. Mikil umræða skapaðist um þetta fyrirkomulag, þar á meðal að það getur verið gefandi að heimsækja önnur svæði en einnig að þetta getur verið tímafrekt auk þess sem vakin var athygli á því að þetta væri ekki umhverfisvænt.

Ráðið var sammála um að geta tekið flesta fundi sem fjarfundir. Lagt var til að halda einum staðfundum af þessum fjórum fundum ráðsins yfir árið og reyna að gera vel úr þeim fundum. T.d. heimsækja staði á leiðinni á fundarstað og hafa jafnvel opin fund, málþing, á lokastað. Þannig væri hægt að gefa kosti á að koma á fundinn og vekja þar með athygli almennings á minjaráðum og minjavörslu.

Horft var til næsta fundar í kjölfar þessarar umræðu og þá sérstaklega til Bustarfells og tenginguna við torfarfönn. Rætt var um að skoða málþing þá um mánaðarmótin september/október í tengslum við fund minjaráðs.

4. Önnur mál!

a. Spurt er um stöðuna á sameiningu stofnanna. Þuríður upplýsir um að ráðherra hafi kynnt sameiningardrögin og að málið sé inn í nefnd.

b. Elsa segir frá nýrri sýningu sem verður opnuð í Minjasafni Austurlands á laugardaginn. Í tilefni af kvenna- og kynjasögumálþingi sem Rannsóknarsetur HÍ á Austurlandi stendur fyrir ásamt fleirum ætla Minjasafnið, Tækniminjasafn Austurlands og Héraðsskjalasafn Austfirðinga að setja upp sýningar sem tengjast kvennasögu. Á Minjasafninu verður sjónum beint að austfirsku landnámskonunni og sýndir gripir úr uppgreftinum á Firði í Seyðisfirði, auk gripa tengda Fjallkonuninni

c. Sigrún segir frá nýrri sýningu í Skaftafelli. Þar er verið að gera jarðfræði, sögu og menningu staðarins skil. Bíður minjaráðsfulltrúa velkomna í heimsókn.

d. Skúli segir frá minjaappinu, Muninn. Verið er að vinna í því ásamt Minjastofnun Íslands og háskólanum í St. Andrews.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:00.